

1

3. jan.

## S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt og forleigurétt Keflavíkurhrepps í Gullbringusýslu  
á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Keflavíkurhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Keflavíkurhreppi í Gullbringusýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleiguréttur á hafskipabryggju Keflavíkur og forleiguréttur á lóð þeirra, er henni fylgir, sem er að stærð 10000 fermetrar.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. janúar 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

2

11. jan.

## A U G L Ý S I N G

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á bráðabirgðagjaldskrá  
fyrir héraðslækna.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 44 frá 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, er hérmeð staðfest eftirfarandi bráðabirgðagjaldskrá um borgun fyrir störf héraðslækna.

## G J A L D S K R Á F Y R I R H É R A Æ S L Æ K N A

## I. Viðtöl og rannsóknir.

## A. Viðtal án rannsókna.

1. Áritun á lyfseðil
2. Endurnýjaður lyfseðill
3. Skrifaður lyfseðill um tilgreint ákveðið lyf
4. Viðtal í síma

— og annað tilsvarendi

Kr. 1,00

**B. Viðtal með einfaldri rannsókn.****2**

11. jan.

1. Hlýtt á eða farið yfir og athuguð sjúkdómslýsing
2. Hlustun
3. Ytri og innri þreifing, rannsakaður hreyfanleiki liða o. þ. h.
4. Einföld ákvörðun styrkleika blóðlitarefnis (Tallquist, Sahli o. s. frv.)
5. Speglun á munn, nefi, koki, barkakýli, hljóðhimnu og augum
6. Mældur blóðþrýstingur
7. Mældur þrýstingur í augum
8. Einföld þvagrannsókn (eðlisþyngd, eggjahvíta, blóð, gröftur, sykur, galllitarefni o. s. frv.)
9. Einföld blóðrannsókn á saur (Weber, benzedinrannsókn o. s. frv.)
10. Einföld ástunga í útvortis ígerð, sull eða belg, sinasliður, lið o. s. frv.
11. Almenn skoðun og stutt heilbrigðisvottorð.
12. Einföld líkskoðun og dánarvottorð

— og annað tilsvarendi

**Kr. 2,00****C. Viðtal með fyrirhafnarmeiri rannsókn.**

1. Dælt upp úr maga
2. Tekið þvag með legg
3. Tekið blóð
4. Ástunga í innvortis ígerð, sull eða belg, brjósthimnuhol, gollurshús, kviðarhol o. s. frv.
5. Kannað leghol, þvagrás o. s. frv.
6. Sád til bakteríuræktunar frá sjúklingi
7. Einföld bakteríurannsókn (án ræktunar)
8. Einföld smásjárskoðun
9. Berklapróf (Pirquet o. s. frv.), Schickpróf o. þ. h.
10. Magasýruákvörðun
11. Nákvæm saurrannsókn
12. Nákvæm rannsókn á þvagi (sykurmagn, þvagefnisákvörðun o. s. frv.)
13. Nákvæm rannsókn á starfsemi nýrnanna (vatnspróf, litarpróf o. s. frv.)
14. Blóðsykursákvörðun
15. Blóðsökksrannsókn
16. Talin blóðkorn
17. Blóðflokksákvörðun
18. Þvagefnis- eða RN-ákvörðun í blóðvatni
19. Nákvæm heyrnarrannsókn
20. Nákvæm sjónskerpurannsókn
21. Widalsrannsókn
22. Ávísun til Röntgenmyndunar ásamt athugun á Röntgenmynd eða myndum
23. Röntgenlýsing

- 2 24. Skoðun og greinargerð um húsnæði, vatnsból, umgengni utan eða innan-  
11. jan. húss, aðbúnað fólks o. s. frv.

— og annað tilsvarendi

**Kr. 3,00**

**D. Viðtal með meiri háttar rannsókn.**

1. Speglun á barka, vélinda, þarfagangi, þvagblöðru o. s. frv.
2. Ástunga á mænugangi, heilahólfum o. s. frv.
3. Leg skafið
4. Blásið lofti í eggvegi
5. Meiri háttar bakteríurannsókn (með ræktun), meiri háttar blóðvatns-  
rannsókn (Wassermann o. s. frv.), vefjarannsókn o. þ. h.
6. Röntgenmyndun
7. Hjartarítun
8. Nákvæm rannsókn á starfsemi meltingarfæranna
9. Nákvæm taugarannsókn (til að ákveða stað heila- eða mænuæxlis o.s.frv.)
10. Efnabyltingarrannsókn
11. Almenn rannsókn á líkamlegu eða andlegu heilbrigðisástandi manns  
með rökstuddri greinargerð svo sem vegna trygginga, fyrir réttvísina  
o. s. frv.
12. Einfaldur líkskurður ásamt stuttri greinargerð

— og annað tilsvarendi

**Kr. 6,00**

**E. Enn meiri háttar rannsókn.**

1. Kviðrista í rannsóknarskyni
2. Líkskurður fyrir réttvísina, ásamt rökstuddri greinargerð

— og annað tilsvarendi

**Kr. 30,00**

**Skýringar:**

- a. Það telst eitt viðtal unz rannsókn er lokið, þó að sjúklingur þurfi að koma oftari til héraðslæknis en einu sinni í þeim erindum.
- b. Það telst eitt viðtal þó að fleiri en eina rannsókn þurfi að gera á sama sjúklingi í sama sinn, og ber þá héraðslækni viðtalsgjald miðað við þá rannsókn, sem hæst er metin.
- c. Viðtali fylgir greinargerð um niðurstöðu rannsóknarinnar og ráðleggingar samkvæmt henni (munnleg eða skrifleg fyrirsmæli, lyfseðlar, vottorð).
- d. Nú hefir rannsókn verulegan aukakostnað í för með sér, svo sem fyrir filmur til Röntgenmyndunar eða hjartarítunar eða fyrir sérstaklega aðkeypt efni (önnur en venjuleg efni til rannsókna), og ber þá héraðslækni aukreitis gjald fyrir það, en þó aldrei meira en venjulegt lyfjabúðarverð fyrir lyfjabúðarvörur og aldrei meira en raunverulegt kostnaðarverð fyrir annað.
- e. Nú á héraðslæknir og notar dýr tæki til rannsókna fram yfir það, sem hægt er að ætlast til að héraðslæknar eigi almennt, svo sem Röntgentæki, hjartarítunartæki, barkasjá o. s. frv. eða hann notar slík tæki, sem annar á, og ber honum þá auk-

reitis afnotagjald fyrir slík tæki, miðað við verð þeirra og reksturskostnað eða leiguna, enda hafi landlæknir fallizt á upphæð afnotagjaldsins eða leigunnar.

2  
11. jan.

- f. Nú er einhver rannsókn ekki við hæfi almenns héraðslæknis, og fær hann annan lækni til að leysa hana af hendi. Ber þá að gjalda honum aukreitis það, sem honum er gert að greiða fyrir rannsóknina ásamt kostnaði við útvegum hennar (símkostnað o. s. frv.). Slík milliganga um rannsókn færir þó aldrei viðtalsgjald héraðslæknis í hærri flokk.
- g. Nú gerir héraðslæknir rannsókn án viðtals, og dregst þá frá gjaldinu tilskilið gjald fyrir viðtal án rannsóknar.
- h. Fyrir endurtekin viðtöl eða rannsóknir í sama sjúkdómi komi hálf gjald, og er í hvert skifti miðað við þann viðtalsflokk, er hið endurtekna viðtal heyrir undir.
- i. Fyrir viðtal og rannsóknir vegna fleiri sjúklunga en eins í einu með sama sjúkdóm eða í sama skyni og fyrir sama aðila komi fullt gjald fyrir einn sjúkling en hálf gjald fyrir hina.
- j. Nú er héraðslæknis vitjað til sjúklings, og þykir honum eða heilbrigðisstjórninni ástæða til, vegna almennra sóttvarna eða annara almennra þarfa, að rannsaka fleira fólk á heimilinu eða í grendinni, og má hann þá ekki krefja sjúklinginn eða aðstandendur hans um sérstakt gjald fyrir það, né heldur fyrir þær frekari rannsóknir, er hann eða heilbrigðisstjórnin telur nauðsynlegt að gera af sömu ástæðum.
- k. Fyrir almennar skólaskoðanir ber héraðslækni gjald samkv. I, B (sbr. skýringarlið I, i) og ekki herra gjald þó að hann geri fyrirhafnarmeri rannsóknir en þar eru greindar, svo sem Pirquet-rannsóknir o. þ. h.

## II. Aðgerðir.

### A. Smæstu aðgerðir.

1. Búið um minni háttar sár eða kaun eða skipt umbúðum
2. Sár heft saman með klemmum eða saumum
3. Lagðar á einfaldar gibsumbúðir eða zinklímsumbúðir o. s. frv.
4. Lagður inn leghringur, getnaðarverja o. s. frv.
5. Búið um lokuð brot á smábeinum (í fingrum, tám, handarbaksbeinum, ristarbeinum o. s. frv.)
6. Kippið í smáliði (á fingrum, tám o. s. frv.)
7. Lyfjum dælt í hold, æð, þvagrás, þvagblöðru, þarfagang o. s. frv., bólu-setning o. þ. h.
8. Lyfjum dreypt eða þau borin í augu, hlustir, nef, kok, kverkar, þvagrás, leggöng, leghol o. s. frv.
9. Skolað nef, hlust, leggöng, leghol, þarfagangur, þvagrás, þvagblaðra, magi, sárhol o. s. frv.
10. Tekið þvag með legg, sett stólpípa og aðrar ámóta hjúkrunaraðgerðir
11. Tekið blóð
12. Ástunga í ígerð, belg, sull, sínaslíður, lið, hljóðhimnu, þvagblöðru, brjósthimnuhol, gollurshús, kviðarhol o. s. frv.
13. Blásið lofti í kokhlust
14. Víkkun (án skurðar) á þrengslum í vélinda, þvagrás, legopi, tárangangi, fistli o. s. frv.

2  
11. jan.

15. Tekin flís úr holdi, bein úr hálsi, korn eða flís úr auga og aðrir aðskotahlutir úr opum líkamans
16. Skorið í kýli, fingurmeið (önnur en slíðurmeið) og aðrar útvortis ígerðir (nema mjög djúpar)
17. Skafin sár, fistlar o. s. frv.
18. Smá hnifsbrögð (klippt tunguhaft, skorið út úr tárangangsopi o. s. frv.)
19. Tálgað líkþorn
20. Tekin af nögl
21. Brennd, klippt eða skafin varta
22. Dregin tönn
23. Einföld tannfylling (án kvikuaðgerðar)
24. Einföld nuddaðgerð eða rafmagnsaðgerð
25. Forhúðarhelda losuð án skurðaðgerðar
26. Einföld Röntgen- eða radíumaðgerð
27. Ljós-lækningaaðgerð
28. Stutt svæfing eða minni háttar staðdeyfing

— og annað tilsvarendi

**B. Minni háttar aðgerðir.**

**Kr. 2,00**

1. Búið um meiri háttar sár (mjög stór brunasár o. s. frv.)
2. Meiri háttar aðgerð á sárum (þau skorin hrein, vandaður meiri háttar saumaskapur, bundið fyrir æðar o. s. frv.)
3. Lagðar á meiri háttar umbúðir (gibstreyja, gibsbeður, meiri háttar sigumbúnaður o. s. frv.)
4. Ástunga á mænugangi, heilahólfum o. s. frv.
5. Blásið lofti í brjósthimnuhol
6. Teknir aðskotahlutir djúpt úr holdi, innan úr auga o. s. frv.
7. Skorið í slíðurmeið í fingrum eða hendi og í mjög djúpar útvortis ígerðir
8. Tilraun til lifgunar úr dauðadái
9. Blóðflutningur
10. Búið um opin beinbrot og lokuð brot á beinum, öðrum en smábeinum
11. Kippt í stóra liði (aðra en á fingrum, tám o. s. frv.)
12. Teknir af smálimir (fingur, tær o. s. frv.)
13. Tekin burtu smá og meðalstór útvortis æxli, kirtlar o. s. frv.
14. Forhúðarhelda losuð með skurðaðgerð
15. Umskurn
16. Miðhlutaður sáðgangurinn
17. Haul losaður úr sjálfheldu án skurðaðgerðar
18. Sprengdur hringvöðvi um endaparmsop
19. Opnaðir stórir liðir (aðrir en á fingrum, tám o. s. frv.)
20. Skurðaðgerð við naglsæri
21. Klipptir kokkirtlar, skafinn kirtilauki úr nefkoki, rífið sveppæxli úr nefi o. þ. h.

22. Meiri háttar nefdreyri stöðvaður með tróði
23. Tannfylling með kvikuaðgerð
24. Leg skafið
25. Leg rétt án skurðar
26. Vakað yfir fæðingu, tekið á móti barni við eðlilega fæðingu og einfaldar fæðingaraðgerðir (barn dregið fram, barni þrýst út, fylgju þrýst út, spangarskurður, saumuð spangarsprungu, stöðvuð blæðing o. s. frv.)
27. Fyrirhafnarmikil Röntgen- eða radíumaðgerð
28. Löng svæfing eða meiri háttar staðdeyfing

— og annað tilsvarendi

Kr. 4,00

### C. Meiri háttar aðgerðir.

1. Enn meiri háttar aðgerð á sárum (saumaðar sinar, taugar, æðar o. s. frv.) og tilsvarendi öraðgerðir
2. Tekin mjög stór útvortis æxli
3. Tekið brjóst af konu
4. Tekið eista að nokkru eða öllu leyti
5. Skurðaðgerð á vatnshaulvi eða æðahaulvi
6. Skorið til steins eða aðskotahlutar í þvagrásinni
7. Steinar eða aðskotahlutir teknir úr þvagblöðrunni út um þvegrásina
8. Skurðaðgerðir á æðahnútum og aðrar miðhlutanir á æðum
9. Skinnflutningur
10. Einfaldur kirtlaflutningur og aðrar ámóta vefjatilfærslur
11. Gert við skarð í vör eða augnaloki og aðrar ámóta sköpulagsaðgerðir
12. Barkaskurður
13. Þindartaugarskurður og ámóta miðhlutanir tauga
14. Teknir kokkirtlar (að fullu)
15. Opnað fyrir ígerð í brjósthóli (með eða án miðhlutunar rifs), í kviðarholi (þó án þess að opna þurfi kviðarholið), í grindarholi (t. d. frá leggöngum eða þarfagangi), umhverfis nýru o. s. frv.
16. Skurðaðgerð á gylliniaed eða endaparmssigi
17. Skurðaðgerð á endaparmsfistli
18. Bein meitlað til mergjar
19. Beinhol opnað (kjálkahola, ennishola o. s. frv.)
20. Tekið auga
21. Tekinn tárapoki
22. Ógróið eða illa gróið beinbrot lagfært með skurðaðgerð
23. Liðhlaup lagfært með skurðaðgerð
24. Réttur snúinn fótur og aðrar ámóta þrautréttingar
25. Tekin kvörn úr lið og tilsvarendi aðgerð á liðum
26. Meiri háttar aflimanir
27. Venjulegar miðhlutanir beina og miðhlutanir smáliða

2

11. jan.

28. Skurðaðgerð við stórutáarskekkju
29. Hryggur spengdur
30. Meiri háttar fæðingaraðgerðir (barn tekið með töng, barni snúið, höfuðstunga, fóstur limað frá konu, fósturláti eða fæðingu komið af stað fyrir tímann, handaðgerð við fósturláti, nárabeinsskurður, föst fylgja sótt með hendi, saumuð spangargagnrifa o. s. frv.)
31. Minni háttar leggangsáðgerðir (gert við blöðrusig eða þarfagangssig, sköpulagsáðgerð á legopi, leghálsinn stýfður, tekið æxli innan úr legi o. s. frv.)
32. Gert við gamla spangarsprungu

— og annað tilsvarendi

Kr. 20,00

**D. Miklar aðgerðir.**

1. Mestu aflimanir (tekinn af fótur ofarlega á læri eða í mjöðm, tekinn af handleggur í axlarlið með eða án herðablaðs o. s. frv.).
2. Erfiðar miðhlutanir beina (efri kjálki, hryggjarliður o. s. frv.)
3. Miðhlutanir stórra liða (ökli, hnjáliður, mjöðm, úlnliður, olnbogi, öxl o. s. frv.).
4. Tungan tekin.
5. Kviðrista með venjulegum aðgerðum (losaðir samvextir, greiddar garnir eða losaðar úr sjálfheldu, tekinn botnlangi, opnuð ígerð, gert að haulvi, gert að eða tekinn sullur, tekin æxli, teknir aðskotahlutir, gert við leg-skekkju eða legsig, tekin innri getnaðarfæri kvenna að nokkru eða öllu leyti, stöðvuð blæðing, saumaðir maga eða garnabrestir, gerður maga- eða garnafistill eða aukarþarfagangur, samgataðar garnir eða magi og garnir, skorin sár eða æxli úr görnum eða maga, einföld miðhlutun garna, tekin gallblaðra og aðrar gallaðgerðir, gert við utanlegsþykt, gerður keisaraskurður o. s. frv.)
6. Tekin æxli eða steinn úr þvagblöðru.
7. Gerður þvagblöðrufistill.
8. Blöðruhálskirtillinn tekinn.
9. Tekið nýra og aðrar skurðaðgerðir á nýrum og nýrnagöngum.
10. Maga- eða garnafistli eða þvagblöðrufistli eða aukarþarfangangi lokað með skurðaðgerð.
11. Barkakýlisskurður.
12. Vélindaskurður.
13. Skjaldkirtillinn tekinn að nokkru eða öllu leyti.
14. Gert við gómrifu og aðrar ámóta sköpulagsaðgerðir.
15. Meiri háttar leggangsáðgerðir (keisaraskurður, aðgerð á legsigi, aðgerð á blöðrufistli, tekin æxli úr kviðarholi, tekin innri getnaðarfæri að nokkru eða öllu leyti o. s. frv.).
16. Gert við gamla spangargagnrifu

17. Brjóst ásamt vöðvum og aðliggjandi kirtlum tekið af konu.
18. Skurðaðgerðir á innýflum í brjóstholi
19. Rif tekin til þess að brjóstholið falli saman.
20. Klettbeinið höggvið upp.
21. Miðeyrað opnað og aðgerð á miðeyra og aðrar ámóta aðgerðir á öðrum beinhólfum í höfði.
22. Höfuðkúpan opnuð og aðgerð utan á heilahimnum.
23. Meiri háttar skurðaðgerð á augum (við starblindu, skýi, skjálg o. s. frv.)
24. Meiri háttar vöðva- sina- og taugatilfærslur, gerð liðamót o. þ. h.

— og annað tilsvarendi

Kr. 60,00

#### E. Mestu aðgerðir.

1. Kviðrista með enn meiri háttar aðgerðum (miðhlutun maga, meiri háttar miðhlutun garna, ristillinn tekinn að nokkru eða öllu leyti, tekin öll innri getnaðarfæri konu ásamt aðliggjandi kirtlum, meiri háttar sköpulagsaðgerðir á innýflum o. s. frv.).
2. Skurðaðgerð á heila eða mænu.
3. Erfiðustu útvortis sköpulagsaðgerðir (gerðir andlitshlutar o. s. frv.).
4. Öll blaðran tekin, allur þarfagangurinn tekinn o. þ. h.

— og annað tilsvarendi

Kr. 80,00

#### Skýringar:

- a. Það telst ein aðgerð þó að hún sé gerð í tveimur eða fleiri atrennum, ef hugsanlegt er að ljúka henni í einni.
- b. Nú eru tvær eða fleiri skýrt aðgreindar aðgerðir gerðar í sömu atrennu á sama sjúklingi (kviðrista og jafnframt tekinn af limur, teknir af tveir eða fleiri limir, tvær eða fleiri tennur, tvær eða fleiri neglur o. s. frv.) og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerð (þá, sem hæst er metin) en hálf gjald fyrir hinar. Þó má gjald fyrir margar samskonar aðgerðir í sömu atrennu aldrei verða hærra en tífalt fyrir smæstu aðgerðir, þrefalt fyrir minni háttar aðgerðir og tvöfalt fyrir meiri háttar aðgerðir, miklar aðgerðir og mestu aðgerðir. Þegar búið er um sár eða kaun eða aðrar umbúðir lagðar á, lyfjum dælt í hold, æð o. s. frv., þvag tekið með legg, stólpípa sett, skolaður magi, þvagblaðra o. s. frv. eða annað tilsvarendi gert jafnframt annari aðalaðgerð, eða til undirbúnings henni eða sem nauðsynleg afleiðing af henni, þá teljast það ekki sérstakar aðgerðir. Kviðrista telst ein aðgerð, þó að fleira en eitt sé lagfært í kviðarholinu í senn. Tvær eða fleiri kviðristur í sömu atrennu, en hver í sínum sérstaka tilgangi, teljast jafnmargar aðgerðir. Tilsvarendi gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir (fleiri en ein aðgerð í senn á innýflum í brjóstholi, á heila, mænu o. s. frv.). Þó að búið sé um fleiri en eitt sár eða kaun í senn, gert að fleiri en einu sári, skorinn fleiri en einn skurður í sömu ígerð eða í fleiri en eina ígerð, telst það ein aðgerð. Tvær eða fleiri aðgerðir við sömu barnsfæðingu telst ein aðgerð. Sama aðgerð á báðum augum í senn af þeim, sem taldar eru í II, D, telst ein aðgerð.
- c. Auk aðgerðargjaldsins fyrir hinar smæstu og minni háttar aðgerðir má hérðslæknir taka tilskilið gjald fyrir viðtal nema aðgerðin fari fram án sérstakrar rann-

2

11. jan.

- sóknar eða eftir mjög takmarkaða rannsókn (búið um einfalt sár, skipt um-búðum, dregin tönn, fyllt tönn, tekin fiis úr holdi eða korn úr auga, skorið í smáigerð, tekið þvag með legg og aðrar hjúkrunaraðgerðir o. s. frv.). Í aðgerðar-gjaldinu fyrir meiri háttar aðgerðir, miklar aðgerðir og mestu aðgerðir er við-talsgjaldið innifalið.
- d. Fyrir svæfingu eða deyfingu við hinar smæstu eða minnháttar aðgerðir ber héraðslækni jafnan aukreitis fullt tilskilið gjald. Í aðgerðargjaldinu fyrir meiri háttar aðgerðir, miklar aðgerðir og mestu aðgerðir er svæfingar- eða deyfing-argjaldið innifalið. Ekki má reikna nema eitt svæfingar- eða deyfingargjald fyrir hverja aðgerð, né fyrir fleiri en eina aðgerð í sömu atrennu. Fyrir svæfingu eða deyfingu við tanndrátt skal ætíð taka samkv. II, A, og ber héraðslækni að-eins hálf t svæfingar- eða deyfingargjaldið fyrir fyrstu 3 tennurnar, sem dregn-ar eru í sömu atrennu, en fullt gjald ef fleiri eru dregnar.
  - e. Fyrir umbúðir, lyf og annan nauðsynlegan aukakostnað við aðgerð ber að greiða héraðslækni sérstaklega, enda nemi hann einhverju verulegu. Fyrir umbúðir um smá sár og kaun né fyrir lyf, er lækna hafa tíðast við hendina á viðtalsstofum sínum, ber ekki að greiða héraðslækni sérstaklega. Ekki ber héraðslækni meira fyrir þann aukakostnað en venjulegt lyfjabúðarverð fyrir lyf, umbúðir o. þ. h. og ekki meira en raunverulegt kostnaðarverð fyrir annað.
  - f. Nú á héraðslæknir og notar dýr tæki til aðgerða fram yfir það, sem hægt er að ætlast til að héraðslæknar eigi almennt, svo sem Röntgentæki, önnur dýr raf-magntæki o. s. frv., eða hann notar slík tæki, sem annar á, og gildir hið sama um það og segir um rannsóknir með tilsvarendi tækjum, sbr. I, e.
  - g. Nú er einhver aðgerð á sjúklingi, er héraðslæknir stundar, ekki hans meðfæri, og fær hann annan lækni til að leysa hana af hendi, og gildir hið sama um það sem segir um tilsvarendi rannsóknir, sbr. I, f.
  - h. Fyrir endurteknar aðgerðir í sama sjúkdómi komi hálf t gjald.
  - i. Fyrir smæstu og minni háttar aðgerðir sömu tegundar, gerðar í senn á fleiri en einum sjúklingi fyrir sama aðila (bólusetning o. s. frv.) komi fullt gjald fyrir eina aðgerð en hálf t gjald fyrir hinar.
  - j. Fyrir Röntgen- eða radíumaðgerðir, ljóslækningaaðgerðir og aðrar þess háttar aðgerðir á sjúklingi héraðslæknis, er fram fara á sérstakri stofnun undir eftir-liti starfsfólks stofnunarinnar, ber honum ekki sérstakt gjald.
  - k. Fyrir aðgerðir, sem héraðslæknir eða heilbrigðisstjórn telur nauðsynlegt að gera vegna almennra sóttvarna (bólusetningar o. s. frv.) má hann ekki krefja sjúkling-inn eða aðstandendur hans um sérstakt gjald.
  - l. Nú þarf héraðslæknir að dvelja við aðgerð svo einhverju verulegu nemur (t. d. einkum við fæðingaraðgerðir), og ber honum þá aukreitis tímakaup fyrir dvölinu eins og héraðslæknum er ákveðið fyrir ferðir samkvæmt þessari gjaldskrá, þó ekki fyr en að klukkustund liðinni við smæstu og minni háttar aðgerðir og að 2 stundum liðnum við meiri aðgerðir.

### III. Læknisaðstoð.

A. Héraðslæknir, sem aðstoðar annan lækni við læknisverk, á þóknun fyrir það, sem nemur 20% af því, sem fyrir verkið er tilskilið samkv. þessari gjaldskrá.

#### Skýringar:

- a. Í gjöldum fyrir rannsóknir og aðgerðir eins og þau eru ákveðin í þessari gjald-skrá, er innifalið gjald fyrir nauðsynlega aðstoð annars lækni, en þó ekki

fram yfir það, sem héraðslækni ber samkv. III, A. Sé meiri eða dýrari lækni- aðstoð nauðsynleg, ber viðkomanda að greiða mismuninn sérstaklega.

- b. Viðkomanda ber að greiða fyrir ferðir og allan kostnað við nauðsynlega tilköllun aðstoðarlækni.
- c. Nú er læknir kallaður til aðstoðar héraðslækni án þess að héraðslæknir telji þess þörf, og ber þá viðkomandi allan kostnað af því.

#### IV. Sjúklingar stundaðir að staðaldri.

##### A. Sjúklingur stundaður eftir venjulegt sjúkraviðtal eða eftir smæstu og minni háttar aðgerð.

- |                                     |                                          |
|-------------------------------------|------------------------------------------|
| 1. Utan sjúkrah. eða heimilis lækni | { Fyrir fyrstu 10 dag. á dag .. Kr. 1,50 |
|                                     | { Úr því á dag ..... — 0,75              |
| 2. Á sjúkrahúsi eða heimili lækni   | { Fyrir fyrstu 10 dag. á dag .. — 1,00   |
|                                     | { Úr því á dag ..... — 0,50              |

##### B. Sjúklingur stundaður eftir meiriháttar, mikla og mestu aðgerð.

- |                                     |                                          |
|-------------------------------------|------------------------------------------|
| 1. Utan sjúkrah. eða heimilis lækni | { Fyrir fyrstu 10 dag. á dag .. Kr. 3,00 |
|                                     | { Úr því á dag ..... — 0,75              |
| 2. Á sjúkrahúsi eða heimili lækni   | { Fyrir fyrstu 10 dag. á dag .. — 2,00   |
|                                     | { Úr því á dag ..... — 0,50              |

##### C. Heimilislæknisstörf.

1. Fyrir hina fyrstu 3 í heimili á mann á mánuð ..... Kr. 1,00
2. Úr því á mann á mánuð ..... — 0,50

#### Skýringar:

- a. Héraðslæknir telst stunda þann sjúkling að staðaldri, sem fyrir fram er ákveðið um, að gangi reglulega til hans eða héraðslæknir vitji reglulega í heimahúsum eða stundi á sjúkrahúsi. Reikna skal frá næsta degi eftir að viðtalið eða aðgerðin fór fram, að þeim degi meðtöldum.
- b. Í gjaldinu fyrir að stunda sjúkling að staðaldri er innifalið gjald fyrir öll framhaldsviðtöl og vitjanir (þó ekki oftast en einu sinni á dag nema héraðslæknir telji þess sjálfur þörf), allar rannsóknir, aðrar en meiri háttar rannsóknir, allar umbúðaskiptingar, lyfjadælingar og yfirleitt hverskonar hjúkrunaraðgerðir svo og aðrar smæstu og minni háttar aðgerðir, sem leiða af aðalaðgerðinni.
- c. Nú stundar héraðslæknir að staðaldri og samtímis fleiri en einn sjúkling rúm- liggjandi á sama heimili (en utan sjúkrahúss) og fyrir sama aðila, og ber honum þá fullt gjald fyrir einn sjúklinginn en hálf gjald fyrir hina.
- d. Aldrei á héraðslæknir meira gjald fyrir að stunda sjúkling að staðaldri en honum bæri, ef reiknað væri hvert einstakt viðtal og hver einstök aðgerð.
- e. Liðirnir IV, A, 1 og B, 1, taka ekki hækkun samkv. V, A.
- f. Til heimilislæknisstarfa teljast viðtöl og rannsóknir aðrar en meiri háttar rannsóknir, allar smæstu aðgerðir (þó ekki tannfyllingar) svo og þær aðrar af hinum minni háttar aðgerðum, sem auðvelt er að gera á manni á ferli eða í heima- húsum án verulegrar aukafyrirhafnar. Fyrir aðrar rannsóknir og aðgerðir og fyrir að stunda sjúklinga á sjúkrahúsi ber að greiða héraðslækni sérstaklega.
- g. Héraðslæknir verður ekki krafinn um að gerast heimilislæknir sjúks manns eða fjölskyldu, sem veikindi eru komin upp hjá.

2

11. jan.

## V. Ferðir.

- A. Ef héraðslæknir er sóttur út af heimili sínu eða af því heimili, sem hann er staddur á, enda sé honum ekki goldið fyrir ferðina samkv. V, B og C, ber honum til viðbótar tilskildu viðtalsgjaldi eða aðgerðargjaldi, sem viðtalsgjald ekki fylgir eða er innifalið í (sbr. skýringarlið II. c.)
- Kr. 1,00
- B. Fyrir ferð héraðslæknis út úr kaupstaðnum eða þorpinu, sem hann situr í, eða tilsvarendi leið frá heimili hans, ef hann situr í sveit, ber honum tíma-kaup fyrir þann tíma, sem ferðin og viðdvölin í þágu viðkomanda tekur. Og er gjaldið fyrir klukkustundina:
- |                                    |          |
|------------------------------------|----------|
| 1. Fyrir fyrstu 6 stundirnar ..... | Kr. 2,00 |
| 2. Fyrir hinar næstu 6 .....       | — 1,00   |
| 3. Úr því .....                    | — 0,50   |
- C. Fyrir ferð í skip:
- |                                     |          |
|-------------------------------------|----------|
| 1. Við bryggju .....                | Kr. 2,00 |
| 2. Úti á höfn eða fyrir landi ..... | — 4,00   |

### Skýringar:

- a. Héraðslækni ber að sjá fyrir ókeypis flutningi á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá og til heimilis hans sem hægt er.
- b. Nú tefst héraðslæknir á ferð í þágu annars en þess, er sótti hann, og ber hinum sama þá ekki að greiða héraðslækni fyrir þann tíma. Ef samkomulag verður um gistingu héraðslæknis, án þess að sú bið hans sé nauðsynleg vegna erindis hans, ber ekki að greiða honum fyrir þá dvöl.
- c. Aldrei má gjald til héraðslæknis fyrir ferðir í skip vera lægra en ef honum væri reiknað tímakaup samkv. V, B.

## VI. Læknishjálp og ferðir að næturlagi og gönguferðir.

- A. Fyrir viðtöl og vitjanir, smæstu og minni háttar aðgerðir svo og ferðir á tím-anum frá kl. 23 til 7 má héraðslæknir taka 50% herra gjald.
- B. Fyrir ferðir, sem um getur í V, B og héraðslæknir fer fótgangandi, má hann taka 50% herra gjald.

## VII. Læknishjálp til handa útlendingum.

- A. Fyrir læknishjálp veitta útlendingum, sem ekki eru búsettir hér á landi, má héraðslæknir setja upp herra gjald en þessi gjaldskrá annars ákveður.

**Skýringar:****2**

a. Aldrei á héraðslæknir kröfu á hærri þóknun af útlendingi en metin mundi sanngjörn eftir ástæðum í landi hans, unz ákvæðum gjaldskrárinnar er náð.

11. jan.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi öðlast gildi 1. marz 1933.

Þetta er hér með birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 11. janúar 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Gissur Bergsteinsson.*

**BYGGINGASAMÞYKKT****3**

fyrir Hvammstangakauptún.

12. jan.

**I. KAFLI.**

**Verksvið samþykktar og stjórn byggingamála.**

**1. gr.**

Samþykkt þessi gildir fyrir Hvammstangakauptún, innan þess svæðis, er skipulagsupphráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar bygginganefnd og hreppsnefnd mæla með því.

**2. gr.**

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Bygginganefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

**3. gr.**

Stjórn byggingamála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem bygginganefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því, er bygginganefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingaleyfi án samþykkis bygginganefndar.